

Sp. 305. Tillaga til þingsályktunar

um byggingu prestsseturs í Reykjavík.

Flm.: Ásgeir Ásgeirsson, Sveinbjörn Högnason, Magnús Jónsson, Pálmi Hannesson.

Sameinað Alþingi ályktar að heimila ríkisstjórninni að byggja eitt prestssetur í Reykjavík á árinu 1942, eða kaupa hæfilegt hús til að vera prestssetur, og semja við viðkomandi prest um leigumála.

Greinargerð.

Í svo að segja öllum prestaköllum landsins eru gerðar ráðstafanir til þess, að sóknarpresturinn hafi ákveðinn samastað. En þar sem það hefur einhverra hluta vegna ekki verið mögulegt, hefur viðkomandi prestur verið veitt sérstakt tillag úr ríkissjóði, til þess að gera honum auðveldara að búa í leiguíbúð. Í fjárlögum hefur jafnan verið veitt nokkurt fé til húsabóta á prestssetrum, samkvæmt gildandi lögum.

Þegar Reykjavík var skipt í fjögur prestaköll í ársbyrjun 1941, var ekkert prestsseturshús til í borginni. En snemma á því ári voru stigin fyrstu skrefin til þess að sjá prestum innan Reykjavíkur-prófastsdæmis fyrir viðunanlegu húsnæði. Öllum prestunum — sex að tölu — voru, samkvæmt meðmælum fjárveitinganefndar Alþingis, veittar kr. 200.00 á mánuði sem húsaleigustyrkur. Jafnframt því var hafin bygging á nýju prestsseturshúsi fyrir annan prestinn í dómkirkjusókninni. Að sjálf-sögðu var húsaleigustyrkurinn allgóð hjálp til prestanna, en reynslan hefur sýnt, að hann hefur ekki orðið fullnægjandi úrlausn. Sökum hinnar óvenjulegu húsnæðis-eklu í borginni hefur prestum hinna nýju prestakalla reynst ókleift að fá viðunandi húsakynni. Tveir þeirra verða auk þess að búa utan prestakalla sinna, og um annan þeirra má telja víst, að hann verði húsnæðislaus næstkomandi haust.

Það þarf ekki að leiða mörg rök að því, að full nauðsyn sé á því fyrir prestana að búa innan sinna eigin sóknartakmarka. Þar er þeim ætlað að hafa umgengni sína. Persónulegur kunningsskapur milli prestsins og safnaðarfólksins er nauðsynlegt skilyrði fyrir því, að starf hans komi að notum. En slík viðkynning skapast fremur, ef presturinn er búsettur innan prestakallsins.

Segja má með nokkrum sanni, að ekki sé fullkomin frágangssök fyrir prest að búa utan sóknar sinnar, ef ekkert húsnæði fæst innan hennar. En um hitt hljóta allir að vera sammála, að utan bæjar getur hann ekki verið. Eins og nú standa sakir, er þó engin trygging fyrir því, að prestunum sé mögulegt að fá viðunandi húsnæði nokkurs staðar í bænum.

Enn mætti taka tillit til þess, að aðsetursstaður prestsins er öðrum þræði opinber starfsstöð, sem til er leitað af almenningi. Þar eru framkvæmdar fleiri barnskírnir og hjónavígslur heldur en í kirkjum sóknanna eða guðspjónustustöðum. Nú mun það vera áhugamál hinna nýju presta að hafa starfsstöðvar sínar innan sóknanna. T. d. hafa þeir fremur kosið að messa í skólahúsum og samkomuhúsum en að fá kirkjurnar í miðbænum til afnota. — Við það að hafa starfsstöðvarnar í sóknunum sjálfum vex og styrkist safnaðarmeðvitund fólksins. Eigi þetta við um kirkjuna, á það að sjálfsögðu einnig við um heimili prestsins.

Ekki er mögulegt að byggja ný prestsseturshús í Reykjavík samkvæmt ákvæðum gildandi laga um byggingar á prestssetrum, þar eð sú fjárhæð, sem þar er talin nægja til byggingar (kr. 24000.00) er með öllu ónóg, sakir hækkandi verðlags. En í þessum efnum sem öðrum verður að taka tillit til þeirra breytinga, sem orðið hafa á síðustu árum. Þess vegna þykir oss rétt, að ríkisstjórninni sé veitt heimild til þess að byggja hin nýju prestsseturshús fyrir það verð, sem hún telur viðunanlegt. Enn fremur viljum vér leggja það í hennar vald að ákveða, með hvaða kjörum prestarnir búi í hinum nýju húsum. Með tilliti til þess, að ríkið mun einnig á komandi árum þurfa að leggja í nokkurn kostnað við húsbýggingar úti um land, leggjum vér ekki til, að byggð séu fleiri en eitt hús í Reykjavík á ári, og ekki tekin ákvörðun að þessu sinni nema fyrir prestssetursbyggingu yfirstandandi árs.